Nr. 624 30. júní 2005

# GJALDSKRÁ
**fyrir Lögbirtingablað.**

1. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15 10. mars 2005, eru gjöld fyrir auglýsingar sem birtast í Lögbirtingablaði hér með ákveðin þannig:

1. Fyrir auglýsingar í eftirtöldum flokkum sem sendar eru inn í gegnum almennt auglýsingaform í auglýsingakerfi Lögbirtingablaðsins greiðast 2 kr. fyrir stafabil:

   Áskorun
   Auglýsing/tilkynning frá ráðuneyti
   Auglýsing/tilkynning varðandi fjármálastarfsemi
   Búfjármörk
   Dómsbirting
   Embætti, sýslanir, leyfi o.fl.
   Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala
   Félagsslit
   Firmaskrá
   Framhald uppboðs
   Fyrirkall
   Greiðsluáskorun
   Happdrætti
   Hlutafélög
   Húsbréf
   Innköllun
   Kaupmáli
   Laus störf, stöður, embætti o.fl.
   Mat á umhverfisáhrifum
   Nauðasamningar
   Nauðungarsala
   Skiptafundur
   Skiptalok
   Skipulagsauglýsing
   Starfsleyfi
   Stefna
   Svipting fjárræðis
   Umferðarauglýsingar
   Vátryggingafélagaskrá/vátryggingamiðlaraskrá
   Veðhafafundur
   Ýmsar auglýsingar og tilkynningar

2. Fyrir eftirtaldar auglýsingar sem sendar eru inn í gegnum fyrirfram skilgreind auglýsingaform í auglýsingakerfi Lögbirtingablaðsins greiðist sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Aukatilkynning hlutafélagaskrár | 1.000 kr. fyrir hverja tilkynningu |
| Búfjármarkaskráning | 500 kr. fyrir auglýsingu |
| Firmaskráning | 1.000 kr. fyrir auglýsingu |
| Hlutafélagaskráning | 1.000 kr. fyrir auglýsingu |
| Innköllun dánarbús | 1.000 kr. fyrir hvert bú |
| Innköllun þrotabús | 1.000 kr. fyrir hvert bú |
| Nauðungarsala | 1.000 kr. fyrir hverja eign |
| Skiptafundur dánarbús | 1.000 kr. fyrir auglýsingu |
| Skiptafundur þrotabús | 1.000 kr. fyrir auglýsingu |
| Skiptalok dánarbús | 1.000 kr. fyrir auglýsingu |
| Skiptalok þrotabús | 1.000 kr. fyrir auglýsingu |

3. Annað:
   Álag vegna vinnu við innslátt eða uppsetningu er 45% sem leggst til viðbótar við mælt verð auglýsingar.
   Gjald vegna fylgiskjals sem birtist með auglýsingu er kr. 5.000.

2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15 10. mars 2005, er gjald fyrir áskrift að Lögbirtingablaði sem hér segir:

1. Áskrift að prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs er kr. 12.000 fyrir árið.
2. Verð einstakra blaða er kr. 250.

3. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. júní 2005.*

**Björn Bjarnason.**

*Ragna Árnadóttir.*